

Skólanámsskrá 4. bekkur.

Námsgrein: Íslenska

Markmið með kennslu í bókmenntum og lestri.

Stefnt er að því að nemandi:

lesi og ræði um mismunandi texta s.s. smásögur og þjóðsögur
geri sér grein fyrir grunnhugtökum í umfjöllun um skáldsögur t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur, umhverfi, tími

verði meðvitaður um mismunandi gerðir lesturs t.d. nákvæmnislestur, leitarlestur og hraðlestur

þjálfði eigin leshraða og lesskilning

hafi aðgang að fræðibókum og handbókum

nái tókum á að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim

geti lesið 150 atkv. á mín.

geti svarað spurningum úr lesnum texta

Talað mál, framsögn og hlustun.

Stefnt er að því að nemandi:

geti tjáð sig frammi fyrir skólafélögum t.d. við kynningu á einstaklings- og hópverkefnum

segi frá eigin reynslu

ræði við bekkjarfélaga sína og leysi ágreiningsmál

taki þátt í leikrænni tjáningu

þjálfist í að hlusta á og fara eftir fyrirmælum

geti hlustað af þolinmæði og skilningi á samræður annarra

tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur og frásagnir

geti endursagt sögur, frásagnir, ævintýri, skopsögur og kvikmyndir

þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð

Málfræði

Stefnt er að því að nemandi:

fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með rími,

krossgátum, þrautum og orðaleikjum

þekki hugtökin bókstafur, orð og setning

geri sér grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð

geri sér grein fyrir stigbreytingu lýsingarorða

geri sér grein fyrir nútíð og þátíð sagna

læri að greina kyn nafnorða og eintölu og fleirtölu

átti sig á fallbeygingu nafnorða, bæði í eintölu og fleirtölu

þjálfist í að búa til samsett orð

þjálfist í notkun orðabóka

þekki samheiti og andheiti, sérnöfn og samnöfn

vinni með algeng orðtök og málshætti

rifji upp stafrófið og skiptingu orða í atkvæði

þekki mun á sérhljóði og samhljóði

Ritun

Stefnt er að því að nemandi:

hafi náð góðum skriftarhraða

þjálfist að stafsetja rétt með mismunandi verkefnum
Gerir sér grein fyrir hugtökum eins og upphaf, miðja og endir í frásögnum
æfist í að semja sögur, ljóð, sendibréf og póstkort
getir lýst hlutum og athöfnum í rituðu máli
læri að greina aðalatriði í texta
læri að fara eftir stafsetningarreglum, t.d. n-nn og reglum um stóran og lítin staf í
sérnöfnum og samnöfnum
þjálfist í að skrifa einfaldan texta eftir upplestri
skrifi vel og vandi allan frágang

Námsefni

Ýmsar sögubækur, spil, skrifarbækur, ýmis verkefni frá kennara. Heimalestrarbækur.
Ritun: Nemendur þjálfist í ritun ólíkra texta s.s. dagbókarskrif, sendibréf, fréttatexta,
persónulýsing, útdráttur.

Kennsluáferðir

Byrjendalæsi, innlagnir kennara, umræður, paravinna, hópverkefni, skriflegar æfingar,
kynningar og leikræn tjáning

Námsmat:

Raddlestrarpróf, stafsetningarpróf, skrifarpróf, gátlista, símat, sjálfsmat og
jafningjamat.

Námsgrein: Stærðfræði

Markmið

Stefnt er að nemandi:

- geti talið, flokkað, skráð og lesið úr niðurstöðum og sett upp í myndrit
- þekki og geti unnið eftir ólíkum leiðum með þriggja stafa tölur $+$ og $-$
- þjálfist að námunda að næsta tug og hundraði
- skilji út á hvað margföldun gengur og geti margfaldað dæmi
- skilji út á hvað deiling gengur og geti reiknað einföld dæmi
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur og eyður sem eru notaðar fyrir óþekkta stærð
- vinni með mælieiningarnar g og kg, m og cm, l og dl
- kunni á klukku bæði venjulega klukku og tölvuúr
- þekki rúmfræðihugtökin horn, brúnir, hliðarfleti, sívalingur, ferstrendingur, píramídi, kúla, keila, teningur, rétthyrningur, ferningur
- geti fundið ummál og rúmmál
- þekki hugtökin samhverfa, speglunarás, hliðrun, snúningur rétthorn, gleitthorn, hvassthorn
- geti notað vasareiknir til að leysa dæmi
- þjálfist í notkun hnitakerfis
- kynnist almennum brotum og þekki $\frac{1}{2}$, $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{5}$
- spili spil þar sem byggja þarf á líkum

Námshættir

- Upplýsingar og tölfræði
- Þriggja stafa tölur og reikniaðgerðir
- Mælingar
- Tími
- Rúmmál og flatarmál
- Margföldun
- Deiling
- Samhverfa og horn
- Týndar tölur (algebra)
- Vasareiknir

Námsefni

Sproti 3a, Sproti verkefnabók, Vasareiknir 2-4, ýmis verkefni frá kennurum.

Kennsluáferðir

Innlagnir frá kennara, umræður, paravinna, sjálfstæð vinnubrögð og leikir.

Námsmat

Vinnueinkunn byggð á ástundun, vinnusemi og frágangi. Gátlistar og kannanir.

Námsgrein: Enska

Markmið að nemandi:

geti notað málið á einfaldan hátt.

geti hlustað sér til gamans og fróðleiks á ýmis konar efni er tengist áhugasvið og nánasta umhverfi.

geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað.

geti tekið þátt í einföldu samtali, t.d. spurt og svarað.

öðlist tilfinningu fyrir framburði, hrynjandi og áherslum.

skilji einföld fyrirmæli, orð, spurningar og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg.

geti fylgt eftir og lesið einfaldan texta og setningar með hljóði eða mynd til stuðnings.

geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig og geti lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt.

geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir, auk þess að skrifa orð og einfaldar setningar eftir fyrirmynd.

Námsþættir

-Hlustun

-Lestur og ritun; með mjög einföldu sniði.

-Talað mál; samskipti og frásögn

Námsgögn

Portfolio-Work out og Speak out.

Heimatilbúið spil unnið úr Work out og Speak out.

Krækjubanki kennarans-enska. Netsíðan <http://disagests.net/enska/>

Play with english-Vef. <http://www.nams.is/playenglish/>

Reading sentences-ljósritað efni

Kennslutilhögun

Bekjarvinna þar sem allir nemendur taka þátt og kennarinn stjórnar, innlögn frá kennara, paravinna, einstaklingsvinna og hópvinna.

Námsmat

Símat og próf í lok annar.

Námsgrein: Lífsleikni

Markmið

Nemandi á að:

- geta tjáð hugsanir, tilfinningar, skoðanir, væntingar og spurningar.
- þekkja mismunandi tilfinningar.
- virða og átta sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum.
- þroska samskiptafærni sína varðandi samvinnu, tillitsemi, virðingu og kurteisi.
- vita hvað átt er við með markmiðum og geti sett sér raunhæf markmið.
- þekkja líkamleg þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- gera sér grein fyrir að ekki eru allir eins og bera virðingu fyrir sérstöðu annarra.
- gera sér grein fyrir gildi lista og listsköpunar í umhverfinu.

Námsefni

Ýmsar sögubækur, spil, leikrit og ýmis verkefni frá kennurum.

Kennsluaðferðir

Byrjendalæsi, umræður, paravinna, hópavinna, leikræn tjáning og kynningar.

Námsmat

Gátlistar og símat.

Námsgrein: Náttúrufræði

Markmið

Nemandi á að:

- kynnast helstu lífverum í nánasta umhverfi þar á meðal íslensku húsdýrunum.
- átta sig á að lífverur þarfnast vatns, lofts, fæðu og búsvæðis til að lifa.
- geta borið saman plöntur og dýr.
- geta lýst nokkrum einföldum en ólíkum lífsferlum lífvera s.s. fræ verður að plöntu, lifra verður að fiðrildi.
- átti sig á áhrifum árstíðabundina breytinga á íslenskt lífríki.
- gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- kunna að flokka úrgang sem fellur til á heimilinu og skilja tilganginn með flokkuninni.
- kynnast og fylgjast með hegðun dýra, svo sem æxlun, félagslífi, umönnun og leikjum.
- geri sér grein fyrir að dýr nærast á öðrum lífverum.
- sýna áhuga á og ábyrgð á nánasta umhverfi og velferð lífvera.

Námsefni

Komdu og skoðuðu hvað dýrin gera, hafið og sögu mannkynsins.

Kennsluáferðir

Innlagnir frá kennara, umræður, paravinna, hópavinna, leikræn tjáning, sjálfstæð vinnubrögð og leikir.

Námsmat

Vinnueinkunn byggð á ástundun, vinnusemi og frágangi. Verkefni og kynningar.

Námsefni: Samfélagsfræði

Markmið

Nemandi á að:

- þekkja mánaðar fjölda í ári, daga fjölda í mánuði og klukkustundir í sólarhring.
- fylgjast með og geta gert grein fyrir fréttum á umheiminum.
- skilja gildi bókarinnar og læra á uppbyggingu hennar.
- hafa þjálfast í að hlusta og endursegja.
- þjálfast í að kynna verkefni, svara fyrir spurnum á margvíslegan hátt s.s. munnlega, skriflega, myndsköpun og með leikrænni tjáningu.
- skilja mikilvægi umhverfisþátta fyrir búsetu og lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrr.
- þekkja til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna.
- skilja hlutverk ólíkra starfa í þjóðfélaginu og hvernig þau tengjast.
- átta sig á ýmsum þáttum sem snúa að búsetu, atvinnuháttum og samgöngum og þeim áhrifum sem samspil manns og náttúru hefur þar á.
- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar.
- þekki helstu tákni sem notuð eru í veður lýsingu.

- þekkja til búferlaflutninga Íslendinga til annarra landa og gera sér grein fyrir mikilvægi samskipta Íslands við útlönd.
- þekkja til nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flust hingað.
- geta sagt frá nokkrum sögufrægum persónum, t.d. sæförum og landkönnuðum.
- geta greint á milli eigin reynslu og reynslu annarra og átta sig á að ekki er allt heilagur sannleikur sem skrifað stendur heldur litað reynslu og viðhorfum þess sem ritar.
- vita að til eru mismunadni menningarsvæði, siðir og venjur í heiminum og þekkja nokkur valin dæmi þar um.
- geti fjallað um upphaf og þróun mannsins.
- vita hvað fornleifar og fornminjar eru og hvernig þær veita upplýsingar um sögu mannsins.
- kannast við og hafa kynnt sér valda atburði úr sögu fornaldar.
- hafa hlustað á og eða lesið og unnið með þjóðsögur, hetjusögur og goðsagnir frá mismunandi stöðum í heiminum.

Námsefni

Byrjendalæsi, ýmsar sögubækur, komdu og skoðaðu hafið, sögu mannkyns, óskasteinn og völusteinn.

Kennsluaðferðir

Innlagnir frá kennara, umræður, paravinna, hópavinna, leikræn tjáning, sjálfstæð vinnubrögð og leikir.

Námsmat

Vinnueinkunn byggð á ástundun, vinnusemi og frágangi. Verkefni og kynningar

Námsgrein: Íþróttir

Námshópur: 4.bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 2

Markmið:

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- þjálfist í grófhreyfingum eins og höfuðstöðu upp við vegg, höfuðstöðu á dýnu með aðstoð félaga, klifri aftur á bak upp við vegg í handstöðu.
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og að velta sér kollhnís áfram, teygjuhoppi, réttstöðu, jafnvægisstöðu á öðrum fæti og bolhalli áfram með arma teygða út og annan fót aftur, til baka í réttstöðu og kollhnís áfram í réttstöðu, að sippa á einfaldan hátt eða með ýmsum afbrigðum.
- þjálfist í að tengja ýmsar gróf- og fínhreyfingar saman, s.s. að iðka tveggja liða boltaleik þar sem fleiri eru í liðinu sem er með boltann, að rekja bolta og vera eltur af félaga sem einnig hefur bolta.
- noti ýmis áhöld á fjölbreyttan og skapandi hátt.
- taki þátt í og læri nokkra nýja leiki sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleiki, staðarleitarleiki sem hópleiki eða feluleiki og ratleiki utanhúss.
- þjálfist í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu íþróttagreina, s.s. körfu-, handknattleiks- og knattspyrnuæfingum ásamt badminton.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum þar sem fleiri en einn elta og boltaleikjum sem tengja má íþróttagreinum.
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, liðaleikjum eins og boðhlaupi, nótt og dagur og boltaleikjum eins og höfðingjaleik.
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s. að toga yfir línu og reiptogi milli tveggja liða.
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 8-10 mínútur.
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum og uppstökki án atrennu.
- þjálfist í æfingum sem efla hraða, s.s. stígandi hlaupi og 30 m spretthlaupi.
- taki þátt í ratleikjum og gönguferðum sem tengjast öðrum námsgreinum.
- taki þátt í dansi og spuna með og án tónlistar.

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- taki þátt í leikjum og æfingum eldri kynslóða sem skapa tengsl við sögu og menningu
- taki þátt í umræðum um gildi leikja og íþróttæfinga.
- kynnist viðbrögðum sínum við mismunandi áreynslu.
- tileinki sér jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós.
- tileinki sér markvissa öndun við slökun og geti sagt frá upplifun sinni við íhugun.
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu tilfinninga og sköpun.

Vitsmunarþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- taki þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama.
- öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar.
- fái tækifæri til að búa til leiki eða breyta reglum þekktra leikja.
- læri heiti helstu líkamsæfinga og heiti yfir helstu hreyfingar eins og
 - rétta og beygja
 - réttstaða
 - höfuðstaða
 - handstaða
 - hliðbeygja
 - bolvinda
 - bolbeygja
 - armbeygja
 - armrétta
- tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur.
- læri að túlka einfaldar upplýsingar um eigin líkamshreysti eins og þoltölu úr fjölþreppaprófi (MSFT*), kraftniðurstöður úr uppstökksprófi án atrennu, liðleika eftir að hafa teyggt fram á kassa og hraða þar sem hlaupinn er 30 m sprettur.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, tilsögn og sýnikennsla.

Námsefni/Námsgögn:

Öll þau áhöld sem til eru í íþróttahúsinu.

Námsmat:

Þátttaka (mæting) og virkni í tímum (60%) og skráðar mælingar og símat : (40%)
Undir mælingar flokkast; - útihlaup (tímatökur), - færni í mismunandi íþróttagreinum og fleira. Undir símat flokkast: „Íþróttamannsleg framkoma í búningsklefa, við kennara og annað starfsfólk, innan vallar sem og utan hans. Einnig hvernig nemendur mæta tapi og sigrum og sýni hjálpsemi.

Skólanámskrá í sundi 4. bekkur

Fjöldi stunda á viku: 1

Markmið

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að
- bringusundi
- skólabaksundi
- skriðsundi
- baksundi
- flugsundi
- taki þátt í ólíkum sundleikjum sem krefjast
- hlustunar
- takts (rytma)
- samhæfingar
- samvinnu
- nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s.
- 25 m bringusundi
- 12 m skólabaksundi
- 12 m skriðsundi, með eða án hjálpartækja
- 12 m baksundi, með eða án hjálpartækja
- læri að stinga sér úr kropstöðu af bakka eða stiga
- þjálfist í útfærslu samsettra hreyfinga með fjölbreytilegum áhöldum
- taki þátt í umræðu um björgunarþætti
- læri að bregðast rétt við ef óhapp ber að höndum

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í ýmsum hópleikjum sem efla líkamsþol, s.s.
- eltingaleikjum
- boðsundsleikjum
- boltaleikjum
- kafsundsleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s.
- kraftleikjum
- boltaleikjum
- taki þátt í fjölbreyttri sundleikfimi
- þjálfist í þrekæfingum í leik, s.s. þar sem þrír og þrír eru saman og tveir toga einn

- björgunarsundi þar sem synt er ákveðin vegalengd
- að sitja á flám og róa
- þjálfist í skapandi æfingum í vatni

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í leikjum og æfingum í vatni sem auka vellíðan og styrkja samskipti
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum og yfirfæra þá að sundstað
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum, s.s. iðkun æfinga í stöðvaþjálfun.
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s.
- ýmsum hópleikjum
- sundknattleik
- boðsundsleikjum
- fái upplýsingar um möguleika til frekari sundiðkunar hjá íþróttafélögum

Vitsmunapróska

Stefnt er að því að nemandi

- skilji markmið æfinga og leikja sundkennslunnar
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum yfir á sundstað
- þekki helstu öryggisatriði sundstaðar
- þjálfist í að fylgja settum öryggisreglum
- læri að bregðast við neyðarkalli úr vatni

Námsefni/námsgögn

Öll áhöld sem til eru til sundiðkunnar.

Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla, einstaklings-, para- og hópavinna notuð.

Námsmat

Sundstigin sem fylgja hverjum bekk eru notuð til viðmiðunar námsmats ásamt ástundun nemanda.

Námsefni: Hönnun og smíði

Markmið: Meginviðfangsefni hönnunar og smíða í fjórða bekk er það að nemandi hafi hannað og smíðað hlut út frá gefinni forskrift.

Nemendur kynnast ýmsum ólíkum viðartegundum og eignum sem hægt er að nota í smíði. Þau þjálfast enn frekar í heflun, að saga með laufsög og bakkasög, raspa, bora og pússa. Sérstök áhersla er á samsetningar, límingar og neglingar. Einnig læra nemendur að nota tommustokk, skrufjárn, síl og vinkil og að nota hefilbekkinn. Nemendur læra ábyrga umgengni um smíðastofuna og öryggisreglur við verklega vinnu

Leiðir: Nemandinn leysi einföld verkefni á sjálfstæðan hátt og nýti eigin hugmyndir við vinnu sína. Nemandi venjist á að ganga frá þeim verkfærum sem hann notar. Hann smíði gripi við sitt hæfi og getu og vinni verkefni í málma. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla.

Námsgögn: Bækurnar Woodwork with kids, Hönnun og tækni og smíði og verkefnabanki smíðakennara.

Námsmat: Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar:
Umgengni og hegðun.
Virgni og vinnubrögð nemandans.
Kennari metur lokaafurð nemenda.